

Reykjavík 6. febrúar 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2002, um útlendinga, með síðari breytingum (EES-reglur, innleiðing, kærunefnd, hælismál). Þingskjal 457 — 249. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi gera ekki sérstakar athugasemdir við innleiðingu þeirra Evróputilskipana og reglugerða sem um ræðir og fagna ákvæðum um kærunefnd útlendingamála.

Barnaheill vilja leggja áherslu á að ef útlendingur er barn skal ávallt hafa að leiðarljósi það sem barninu er fyrir bestu. Mikilvægt er að barn fái ávallt tilsjónarmann meðan mál þess er ráðið. Samtökin vilja gera athugasemdir við þau ákvæði frumvarpsins sem varða brottvísanir. Einu gildir hvort barn dvelst ólöglega í landinu, sé með dvalarleyfi eða búsetuleyfi, sé frá Schengen ríki eða ekki. Í þeim tilfellum sem barn er eitt á ferð er mikilvægt að því sé ekki vísað úr landi, nema tryggt sé að öruggar aðstæður taki við því. Mikilvægt er að hafa upp á foreldrum þess eða forsjáraðilum, nema það þjóni ekki hagsmunum og velferð barnsins. Sé barn í fylgd með fullorðnum einstaklingi þarf samt sem áður að skoða mál þess sérstaklega. Ganga þarf úr skugga um hver tengsl barnsins við hinn fullorðna er, s.s. hvort um forsjáraðila sé að ræða. Ekki skal vera sjálfgefið að barnið fái eins málsmeðferð og hinn fullorðni fylgdarmaður.

Mikilvægt er þó að málsmeðferð fullorðins einstaklings sé mótuð að höfðu tilliti til þess hvort hann sé með barn á sínu framfæri eða ekki. Samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi er óheimilt að vísa útlendingi úr landi hafi hann frá fæðingu átt hér óslitið fasta búsetu

samkvæmt þjóðskrá. Slík gæti verið staðan með barn foreldris sem vísa á úr landi. Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þann rétt barnsins að njóta samvista við foreldra sína og að foreldrar bera höfuðábyrgð á uppeldi barna sinna. Ef það er barni fyrir bestu að vera ekki vísað úr landi þarf að skoða málefni foreldris með tilliti til þess.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur lögfest, eiga börn sjálfstæð réttindi sem eru óháð réttindum hinna fullorðnu. Ekki má mismuna börnum á grundvelli uppruna þeirra, stjórnarmálaskoðana, ætternis, litarháttar eða annarrar stöðu þeirra eða athafna foreldra þeirra. Ávallt skal hafa það sem börnum er fyrir bestu að leiðarljósi þegar málefni þeirra eru ráðin. Samkvæmt íslenskum lögum er barn einstaklingur undir 18 ára aldri.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri